

Umsögn

símanefndar dóms- og kirkjumálaráðuneytis um frumvarp samgönguráðherra til laga um breytingar á lögum um fjarskipti

131. löggjafarþing 2004–2005.

Þskj. 1102 — 738. mál.

Dags: 2. maí 2005

Hinn 9. febrúar 2005 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um úrbætur vegna fyrirkomulags og framkvæmdar símhlerana í þágu rannsóknar opinbers máls. Er nefndinni m.a. falið að gera úrbætur á lögnum og/eða framkvæmd vegna vandkvæða sem upp hafa komið, svo og tillögur um framtíðarfyrirkomulag þessara mála. Var nefndinni sérstaklega falið að kanna hvernig málum þessum er hagað í helstu nágrannalöndum. Nefndin gengur undir vinnuheitinu „símanefndin“.

Nefndina skipa:

- Kolbrún Sævarsdóttir, settur saksóknari hjá ríkissaksóknara, formaður nefndarinnar.
- Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn lögreglunni í Reykjavík.
- Helgi Magnús Gunnarsson, löglærður fulltrúi hjá ríkislögreglustjóranum.
- Þorsteinn Helgi Steinarsson, verkfræðingur hjá Ásverki ehf, starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hefur fyrirvara á því að upplýsingaöflun er ólokið og niðurstöður liggja því enn ekki fyrir. Þar sem umrætt frumvarp viðkemur verkefni því sem nefndinni er falið telur hún hins vegar rétt að gefa umsögn á þessu stigi.

Umsögnin er hér að neðan (ekki er veitt umsögn um fjarskiptaáætlun).

Almenn umsögn

Nefndin lýsir sig almennt hlynnta þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu. Hún vill þó láta þess getið að hún telur æskilegt að endurskoðun á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sem snerta málefnið (86.-88. gr.), hefði farið fram samhliða endurskoðun fjarskiptalaga.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að fjarskiptafyrirtæki hafi yfir að ráða, eða hafi aðgang að, öllum þeim tæknibúnaði sem nauðsynlegur er til að unnt sé að framkvæma hlustun samkvæmt 86. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Eðlilegt að leggja þá skyldu á fjarskiptafyrirtækin að koma sér upp þessum búnaði eða með öðrum hætti að tryggja að þau geti veitt yfirvöldum nauðsynlegan aðgang

til hlerunar og upptöku. Þau geta sameinast um búnað ef þau svo kjósa. Óviðunandi er að ekki sé unnt að framfylgja úrskurði dómara um hlustun vegna þess að búnaður er ekki til staðar og fjarskiptafyrirtæki geti borið því við að ekki hvíli á þeim skylda til að eiga slíkan búnað.

Um 7.gr.

Í lögum eru þegar ákvæði sem tryggja yfirvöldum aðgang að upplýsingum um fjarskiptaumferð, sbr. 86. gr. laga um meðferð opinberra mála og 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga. Það skal áréttað að viðkvæmar upplýsingar fást einungis að undangengnum dómsúrskurði.

Af ýmsum ástæðum getur liðið töluverður tími frá því að refsiverð hegðun á sér stað og þar til opinber rannsókn hefst. Brot geta staðið yfir í langan tíma áður en það kemur til rannsóknar lögreglu.

Til að tryggja sönnunargögn verður að leggja þá skyldu á fjarskiptafyrirtækin að varðveita lágmarksupplýsingar. Mikið af þeim varðveita fyrirtækin til að mæla notkun og gera notanda reikning. Hér er áréttað að einungis er verið að ræða um upplýsingar um gagnaumferð (t.d. tímasetningu, lengd, númer og IP-tölur, staðsetningu út frá GSM-sendi), en ekki innihald. Frekari greinarmunur á þessum upplýsingum er gerður undir umsögn um 9. gr. hér að neðan.

Að varðveita upplýsingar í a.m.k. eitt ár er hóflegt að mati nefndarinnar.

Varðandi verklagsreglur fjarskiptafyrirtækja þá þykir eðlilegt að gæta þess að upplýsingar um gagnaumferð séu dulkóðuð og að sem fæstir starfsmenn fyrirtækjanna hafi aðgang að þeim.

Um 8. gr.

Í skjóli nafnleyndar geta menn framið refsiverð brot með aðstoð fjarskiptatækninnar. Ákvæði réttarfars- og fjarskiptalaga um aðgang yfirvalda að upplýsingum um fjarskiptaumferð ná ekki tilgangi sínum ef meðal notenda eru óþekktir einstaklingar. Það er alþekkt að notendur vilja ekki að númer þeirra séu birt eða aðgengileg opinberlega (leyfinúmer) og ekki ástæða til að sporna við því en tryggja verður að yfirvöld hafi aðgang að upplýsingum um handhafa tiltekinna númera, hvort heldur símanúmera eða IP-talna.

Við frumsölu frelsiskorta þurfa kaupendur að gera grein fyrir sér og halda þarf skrá yfir alla notendur. Yfirvöld eiga síðan að hafa aðgang að þeim upplýsingum eins og öðrum varðandi fjarskiptaumferð.

Um 9. gr.

IP-tala er, eins og símanúmer, kennimark á fjarskiptatæki sem notað er til að auðkenna endapunkta fjarskipta. Nauðsynlegt er að gera greinamun annars vegar á IP-tölum þeirra einstaklinga sem eru undir opinberri rannsókn og hins vegar IP-tölum þeirra aðila sem viðkomandi hefur samband við. Unnt er að flokka


upplýsingar um fjarskiptin á eftirfarandi máta, m.a. með hliðsjón af því hversu miklir persónuverndarhagsmunir eru í húfi:

- 1) Varðandi fyrri IP-töluna þá er réttlætanlegt að rannsóknaraðili fái hana án dómsúrskurðar, líkt og símanúmer viðkomandi.
- 2) Varðandi síðari IP- tölurnar, þá þarf dómsúrskurð til að fá lista yfir þær á sama máta og dómsúrskurð þarf til að fá lista yfir símanúmer sem maður hefur haft samband við.
- 3) Loks þarf að gera greinarmun á þessum upplýsingum annars vegar og efni samskiptanna hins vegar, sbr. hlerun símtala sem þarfnast dómsúrskurðar og sértæks tækjabúnaðar.

Orðalag 9. gr. „eigandi eða notandi vistfangs (IP-tölu)“ á einungis við fyrsta flokkinn hér að ofan. Það er nauðsynlegt fyrir rannsókn opinberra mála að þær upplýsingar liggi fyrir eins og lagt er til í frumvarpinu. Það er brýnt að þessu greinarmun sé haldið til haga en í umsögn Persónuverndar um frumvarpið virðist ekki vera gerður greinarmunur á flokki 1) og 2).

Nefndin lýsir sig að lokum reiðubúna til að mæta á fund fjarskiptanefndar sé þess óskað.

F.h. símanefndar



Kolbrún Sævarsdóttir